

## BMF-2017-13 Hársnyrtistofa

Sótt er um styrk vegna uppsetningar á hársnyrtistofu á Breiðdalsvík. Slík starfsemi hefur ekki verið í byggðarlaginu um árábil, en mun skapa umsækjanda heilsárs atvinnu ef vel tekst til og fellur vel að hugmyndum um fjölbreytni í atvinnulífi á Breiðdalsvík. Á suðurfjörðum Austfjarða er nú engin hársnyrtistofa á svæðinu frá Höfn í Hornafirði og að Reyðarfirði. Hér er því um áhugaverða starfsemi að ræða sem mun veita þjónustu í Breiðdal og einnig í nágrennasveitarfélögum.

Verkefnið fær styrk í gerð viðskiptaáætlunar, kostnaðar vegna vettvangsferðar og námskeiðskostnað.

Verkefninu var úthlutað 700.000 kr. árið 2017.